



Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

29.4.2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 81/2003, 738. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál. Frumvarpið felur í sér töluverðar breytingar á gildandi lögum. Athygli vekur að fæstar þessara breytinga eru beinlínis nauðsynlegar vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands s.s. vegna innleiðingar á EES gerðum, reglum og tilskipunum. Rökstuðningur fyrir breytingatillögum sem lesa má í athugasemdum frumvarpsins er ekki mikill. Það er ljóst að sumar tillögurnar munu verða mjög íþyngjandi fyrir fjarskiptafyrirtæki og munu leiða til aukins kostnaðar þeirra, sem fyrr eða síðar mun lenda á neytendum. Þetta gildir t.d. um 2. gr, 7. gr, og 8. gr. frumvarpsins, sem leiða munu til sérstakra fjárútláta fjarskiptafyrirtækja án þess að ljóst sé að fyrirtækjunum séu tryggðar tekjur til að mæta þessum aukna rekstrarkostnaði.

Samtök atvinnulífsins telja að almennt verði við upptöku nýrra lagaákvæða, sem fela í sér aukið og nýtt eftirlit, skriffinnsku eða fyrirhöfn einkafyrirtækja, verði að vinna sérstaka greinargerð af hálfu opinberra aðila í samræmi við gildandi lagaákvæði um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999, sbr. reglugerð nr. 812/1999, þar sem nauðsyn þessa nýja eftirlits sé skilmerkilega rökstudd og réttlætt. Þar dugar ekki að einhver opinber aðili t.d. ríkislögreglustjóri, hafi óskað eftir lagabreytingu, auknu eftirliti og eftirlitskostnaði sem leggjast mun á fyrirtæki. Íslensk stjórnvöld eiga að fylgja alþjóðlegri lagabróun og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á þessu sviði en eiga ekki að fara fram úr henni, ef minnsti vafi er um það hvort ákvæðin stríði gegn mannréttindum og persónuvernd einstaklinga.

Samtök atvinnulífsins telja að nokkur ákvæði frumvarpsins orki tvímælis eða þarfnist endurskoðunar við. Ákvæðin hafi alls ekki verið nægilega vel rökstudd eða réttlætt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr. frv.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir skipun fjarskiptaráðs. Svo virðist sem heildarfjöldi ráðsmanna og einnig hverjir verði fulltrúar hagsmunaaðila muni alfarið fara eftir þeim reglum sem ráðherra setur síðar. Drög að þessum skipunarreglum liggja ekki fyrir. Stærstu fjarskipta- og tölvufyrirtæki landsins, Landsíminn og Og fjarskipti eru bæði aðilar að Samtökum atvinnulífsins og Samtökum verslunar- og þjónustu, sem gæta hagsmuna þeirra gagnvart stjórnvöldum í samræmi við samþykktir samtakanna. Eðlilegt er að SA og SVÞ fái sinn hvorn fulltrúan í fjarskiptaráði á sama hátt og SA og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) eiga bæði fulltrúa í Flugráði. Það er fordæmalaust að ráðherra sé í löggjöf framselt vald til að ákveða með reglugerð hverjir teljist fulltrúar “helstu hagsmuna aðila”, s.s. fjarskiptafyrirtækja. Það á liggja ljóst fyrir í lögumum sjálfum en ekki ákvarðast af pólitískum ráðherra.



2. gr. frv.

Með breytingu á 6. gr. laganna er mælt fyrir um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að koma sér upp hlerunarbúnaði til afnota fyrir “ þar til bær yfirvöld”. Þarna virðist vera átt við lögreglu, þótt hugtakið þar til bært yfirvald sé ekki skilgreint nánar í athugasemdum. Lagabreyting er m.a. rökstudd með því að Landsíminn hafi þegar komið sér upp slíkum búnaði. “Eðlilegt þykir að fjarskiptafyrirtækin standi sjálf straum af því að byggja upp net sín á þann hátt að þessi aðgangur sé mögulegur”. Með þessari lagabreytingu er í raun verið að fyrirskipa öllum fjarskiptafyrirtækjum að fjármagna og útvega hlerunarbúnað fyrir lögreglu og “önnur yfirvöld” þannig að hluti af rannsóknar- og sakarkostnaði sakamála verður lagður á fjarskiptafyrirtæki. Það að Landsíminn sem er í eigu hins opinbera hafi lagt slíkan búnað endurgjaldslaust til eru engin rök fyrir lagabreytingunni. Ekki virðist heldur gert ráð fyrir neinni greiðslu vegna þessa kostnaðar, sem af kaupum og uppsetningu leiðir. Ekki er einu sinni gert ráð fyrir greiðslu aðgangsgjalda að þessum hlerunarbúnaði. Hins vegar mælir greinin fyrir um það að minni fyrirtæki eigi að greiða þeim stærri fyrir aðgang að núverandi hlerunarbúnaði stærri fyrirtækjanna.

Samtök atvinnulífsins geta ekki falist á að aðildarfyrirtæki þess eigi að fjármagna lögreglu-rannsóknir með þessum hætti. Þau fyrirtæki, sem þegar hafa byggt upp hlerunarbúnað án lagaskyldu eiga að fá allan þann stofnkostnað endurgreiddan. Það er a.m.k. eðlileg krafa að greitt sé fyrir þessa “símabjónustu” skv. sérstakri gjaldskrá þannig að allur stofnkostnaður og rekstrarkostnaður fjarskiptafyrirtækjanna vegna hlerunarbúnaðar verði endurgreiddur.

7.gr. frv.

Með breytingu á 42. gr. laganna er mælt fyrir um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð i eitt ár í þágu rannsókna opinberramála og almannaöryggis. Ljóst er að engar samræmdar reglur eru í Evrópu á þessu sviði og lagabreytingin gengur augljóslega langt inn á svið persónuverndar og einkalífsvrindar. Samtökin vara við því að settar verði sérstakar íslenskar reglur um netaðgang “lögbærri yfirvalda” íslenskra sem ekki eru hluti af alþjóðlegum skuldbindingum.

Verulegur kostnaður mun hljóta af þeirri skráningarskyldu um netumferð, sem óskað er eftir, m.a. vegna greiningarvinnu til að geta aflað nýrra upplýsinga um “hegðun” viðskiptavina fyrirtækjanna. Fjarskiptafyrirtækin eiga að upplýsa um “allar tengingar” sem notandinn hefur gert, hverjum, og hvert “magn” gagnaflutninganna hafi verið. Fjarskiptafyrirtækjum er þannig ætlað að afla og vinna á eigin kostnað ýmsar mjög persónulegar upplýsingar, sem hugsanlega geta nýst, sem sönnunargögn í sakamálum.

Samtök atvinnulífsins telja að þessi kostnaður og vinna verður ekki lagður á fjarskiptafyrirtækin ein nema sérstök fjárframlög komi frá ríkisvaldinu eða í formi tekna (þjónustugjalda) frá löggæsluaðilunum sjálfum til að mæta þörfum og óskum löggæsluaðila. Það fær ekki staðist að ekkert endurgjald eigi að koma fyrir þessa upplýsingargjöf og þá greiningarvinnu sem þarf til að geta aflað þessara upplýsinga og gagna um netumferð.

8. gr. frv.

Með breytingu á 45. gr. laga er gert ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að halda skuli skrá yfir alla notendur simanúmera í símkorfum sínum. Breytingin er einungis rökstudd svo í athugasemdum að ætlunin sé að sporna við því að unnt sé að stunda refsiverða hegðun í skjóli nafnleyndar og gera lögreglu þannig erfitt um vik við rannsókn mála. Þessar röksemdir eru léttvægar, því fyrirframgreidd símakort, svokölluð frelsiskort eru í umferð svo þúsundum skiptir, og fáir notendur kortanna stunda neina ólögsmæta starfssemi. Kostir frelsiskorta felast í því að hægt er að nálgast fyrirframgreidd símakort með auðveldum hætti, t.d. fyrir erlenda



ferðamenn. Skylda til að hafa uppi á og skrásetja hvern og einn umræddra notenda mun útheimta mikla vinnu og kostnað fjarskiptafyrirtækja, sem ekki verður réttlættur með því einu að verið sé hugsanlega að sporna við einhverjum afbrotum í framtíðinni. Það eitt að slík skráning frelsiskorta hafi verið tekin upp í Noregi réttlætir alls ekki þessa almennu frelsisskerðingu almennings á Íslandi. Póst- og símamálastofnun virðist ætlað að setja nánari reglur um þessa skráningu án þess að ljóst sé nákvæmlega í hverju þær reglur eigi að vera fólgnar.

9.gr. frv.

Með viðbót við a. lið 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga verður lögreglu veittur aðgangur að upplýsingum um leynileg símanúmer og pin númer einstaklinga og fyrirtækja án sérstaks dómsúrskurðar. Sá rökstuðningur, sem heyrst hefur fyrir þessari breytingu að óþarfi sé að “ónáða dómstóla” til fá leynileg símanúmer eða pin númer fær ekki staðist. Það er einkamál hvers og eins afhverju hann vill að símanúmer sitt sé leynilegt og ekki öðrum aðgengilegt án dómsúrskurðar. Lögregla á því ekki að fá aðgang að þessum leyninúmerum eða pin númerum nema rökstuddur grunur um alvarlegt brot sé fyrir hendi. Mat á slíku hlýtur eðli málsins skv. ávallt að vera í höndum dómstóla. Í þessu sambandi vísast til nýlegs úrskurðar Hæstaréttar Íslands frá 25. apríl 2005 (málið nr. 168/2005), þar staðfesti Hæstiréttur synjun Héraðsdóms Reykjavíkur á að veita lögreglu upplýsingar um eigenda ákveðinnar íp tölu á ákveðnum tíma. Sjá dóminn á vef Hæstaréttar <http://www.haestirettur.is/domar?nr=3362>

Samtökin atvinnulífsins vísa að öðru leyti til umsagna Landssímans hf. og Og fjarskipta hf. við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Jón. R. Pálsson